



## Kirkja Heilags Albans í Kaupmannahöfn (Enska biskupakirkjan)

Kirkja Heilags Albans var vígð árið 1887. Hún er eina kirkjan í Danmörku sem tilheyrir ensku biskupakirkjunni. Fram að vígslu hennar höfðu enskumælandi íbúar í Kaupmannahöfn haldið guðþjónustur sínar í ýmsum sölum í Kaupmannahöfn og Helsingjaeyri. Kirkja Heilags Albans er hluti heimssamtaka ensku biskupakirkjunnar sem lýtur forystu Erkibiskupsins í Kantaraborg og er í biskupsumdæmi Evrópu. Kirkjusiðir eru þeir sömu og í Englandskirkju.

### Bygging kirkjunnar

Eftir um 30 ár erfiða baráttu við að safna fé þá var kirkjan byggð á árunum 1885 til 1887. Lóð fyrir kirkjuna, nærri Konungshöllinni, fékkst með hjálp Alexöndru prinsessu (1844-1925), dóttur Kristjáns IX Danakonungs (1818-1906) og eiginmanns hennar Játvarðar prins af Wales, sem síðar varð Játvarður VII Englandskonungur. Játvarður prins sýndi verkefninu mikinn áhuga og var formaður fjáröflunarnefndarinnar í Lundúnum.

Prinsessan lagði hornsteininn hinn 19. september 1885 að viðstöddum Prinsinum af Wales, Kristjáni konungi IX og konu hans Louise drottningu, Rússlandskeisara og keisaraynju hans (sem var systir Alexöndru) og meðlimum úr Grísku og norrænu konungafjölskyldunum. Og þau mættu líka tveimur árum síðar til að vera viðstödd vígslu kirkjunnar hinn 17. september 1887.

### Ytra byrði kirkjunnar

Kirkjan er gott dæmi um hinn gotneskan arkitektúr Viktoríutímans. Hún er teiknuð af Sir Arthur Blomfield, þekktum enskum arkitekt, og umsjón með byggingu hafði danski arkitektinn L. Fenger, prófessor. Þrátt fyrir mjög enskt útlit þá er megnið af byggingarefni kirkjunnar danskt. Steinklæðningin er úr kalksteini frá Faxe og einnig er notuð tinna frá Stevns, en báðir staðirnir eru á sunnanverðu Sjálandi. Turnspíran er gerð úr tilhöggnum steini frá Öland í Svíþjóð. Á þakinu eru Broseley flísar frá Shropshire. Vegna jarðvegarins þar sem kirkjan stendur er hún grunduð á staurum. Gólf kjallarans er undir grunnvatnsborðinu og er haldið þurru með sjálfvirkri dælu.

### Innviðir kirkjunnar

Kirkjubyggingin hefur lítið breyst frá 1887, nema hvað sett hafa verið upp minnismarki og guggar sem fengnir voru að gjöf setti í. Þá var á þriðja áratugi síðustu aldar sett upp raflýsing og miðstöðvarhitun. Innveggir eru þaktir finum hvítum kalksteini frá Faxe. Flísar á gólfi eru gjöf frá Campbell flísafyrirtækinu Staffordskíri. Skírnarfonturinn (sem stendur við innganginn til að bjóða alla velkomna í kirkjuna með skírn), prédikunnarstóllinn og altaraflan eru úr jarðleir og eru gjöf og smíði hins þekhta fyrirtækis Doulton & Co. í London.

Orgelið var smíðað af fyrirtækinu J.W. Walker and Son í London 1887 og er enn í upphaflega orgelhúsinu. Á árunum 2004 og 2005 var það gert upp í Durham af fyrirtækinu Harrison & Harrison og stækkað þannig að nú eru í því 1480 pípur. Í turninu eru enn upprunalegu klukkurnar: átta Harrington rörklukkur (turninn var ekki gerður fyrir stærri klukkur). Árið 2013 var bætt við 7 klukkum, sem líka eru gerðar af Harringtons um svipað leyti og þær upprunalegu. Klukkunum er hringt fyrir og eftir guðsþjónustu, en þær marka líka stundarfjórðunga og á heila tímanum spila þær mismunandi sálmalög.

Steindu gluggarnir eru frá þrem ólíkum tímabilum. Gluggarnir í aðalkirkjuskipinu eru frá Viktoríutímanum og voru gerðir af Heaton, Butler og Bayne í London milli 1887 og 1901. Gluggarnir í hliðargöngunu voru gerðir til minningar um Alexöndru prinsessu og voru smíðaðir af Geoffrey Webb seint á þriðja áratug tuttugustu aldar og gluggarnir í hliðarkapellunni, sem eru til minningar um Viggo prinsessu, voru gerðir af dönslu fyrirtæki 1971. Gluggarnir í kirkjuskipinu voru hreinsaðir og skipt um blý í þeim í umfangsmiklu viðhaldsverkefni árin 2011 og 2012.

## Heilagur Alban

Kirkjan er nefnd eftir Heilögum Alban, fyrsta píslarvotti Englands (um 303 e. kr.). Alban var rómverskur hermaður sem skýldi presti fyrir ofsóknum. Alban var svo innblásinn af boðskap prestsins að þegar hermenn komu til að fanga prestinn þá klæddi hann sig sjálfur í kufl prestsins og gaf sig fram. Þegar dauðadómur var kveðinn upp sagði hann “Ég tilbið og dýrka hinn sanna og lifandi Guð, sem skapaði alla hluti.” Presturinn gaf sig líka fram upptendraður af trú og hugrekki Albans. Samkvæmt sögunni, þá voru líkamsleifar Albans færðar til kirkju Heilagrar Maríu og Heilags Albans í Óðinsvéum, þar sem nafn hans er enn í hávegum haft.

Fleiri upplýsingar um sögu kirkjunnar og bygginguna sjálfa er að finna í bæklingnum *St Alban's History and Guide* sem hægt er að fá við innganginn í kirkjuna.

## Í dag

Við erum alþjóðlegur kirkjusöfnuður, sem tilbiður Guð samkvæmt siðum ensku biskupakirkjunnar, en við bjóðum velkomna alla kristna menn óháð því hvaða sið þeir aðhyllast og einnig bjóðum við alla þá velkomna sem leita Guðs. Í dag er fólk frá 22 ólíkum löndum í söfnuðinum og margir gestir heimsækja kirkju okkar og guðsþjónustur á sumrin. Í Árósum er einnig söfnuður sem hittist átta sinnum á ári í Møllevangs kirkju.

Ef þú hefur tíma þá er þér velkomið að skilja eftir logandi kerti, biðjast fyrir eða skilja eftir ósk um fyrirbæn í bókinni í hliðarkapellunni.

***Þar sem kirkjan nýtur ekki neins fjárhagslegs stuðnings frá Stóra-Bretlandi né frá Danmörku þá eru öll framlög vel þegin.***  
***Framlög má skilja eftir á söfnunardisk eða í bauknum sem er á vegg forkirkju.***

**Pakka þér fyrir að heimsækja kirkju Heilags Albans.**  
**Við óskum þér blessunar og vonumst eftir að sjá þig fljótlega aftur.**